

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1927****2022/EES/34/36****frá 5. nóvember 2021****um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar kröfur um fræ hveitiblanda sem eru framleidd með umfrymisbundinni karlófrjósemi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, einkum 21. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 66/402/EBE eru fastsettar reglur um framleiðslu og markaðssetningu á fræi korntegunda í Sambandinu. Ef um er að ræða fræ hveitiblanda er eina tækni til framleiðslu á fræi af blendingum, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, bein kynblöndun og efnafræðileg kynblöndun.
- 2) Á undanförunum árum hefur umfrymisbundin karlófrjósemi þó verið samþykkt um allan heim sem tækni við kynbætur við framleiðslu á blendingsyrkjum af fræi korntegunda. Viðeigandi reglur er varða framleiðslutækni með umfrymisbundinni karlófrjósemi eru nú þegar í gildi fyrir bygg þar eð framleiðslu á fræi af blendingum með umfrymisbundinni karlófrjósemi var komið í framkvæmd fyrir nokkrum árum síðan.
- 3) Bygg og hveiti eru í eðli sínu sjálffrævandi og eru framleidd með blandaðri ræktun. Að teknu tilliti til tæknilegra líkinda milli framleiðslu á fræi blendinga af byggi og hveiti og þarfa notenda, sem nota fræ af blendingum, þykir rétt að setja fram skilyrði fyrir viðkomandi fræ hveitiblanda sem eru áþekk skilyrðunum sem gilda fyrir fræ byggblendinga. Reynslan sýnir að tiltekin blönduð framleiðsluferfi fyrir hveitiblanda, s.s. *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum turgidum* undirteg. *durum* og *Triticum aestivum* undirteg. *spelta*, sem beitt er á akrinum, samhliða áhættu í tengslum við veðurskilyrði á blómgunartímanum, kalla eftir því að hreinleikastaðlar yrkis séu lækkaðir niður í 85% þar sem tækni með umfrymisbundinni karlófrjósemi er notuð og gera þannig stöðuga fræframleiðslu mögulega við óhagstæðari veðurskilyrði. Því þykir rétt að heimila lægra hreinleikastig yrkis fyrir fræ hveitiblanda sem eru framleiddir með umfrymisbundinni karlófrjósemi en þess sem krafist er fyrir aðra blendinga fræs.
- 4) Reynslan af öðru fræi af blendingum sem eru framleiddir með umfrymisbundinni karlófrjósemi sýnir að við upphaf nýs framleiðsluferfis er mikilvægt að prófa tæknilegar kröfur sem eru í gildi. Þess vegna ættu kröfur fyrir yrki að gilda tímabundið til 31. ágúst 2029 til að gera ræktendum kleift að aðlaga framleiðslu á hveitiblandum í blönduðu kerfi. Slík nálgun er nauðsynleg til að lágmarka alla áhættu við þetta framleiðsluferfi og sjá bændum fyrir nýrri tegund hveitirykja. Þessi tímamörk ættu að nægja til að gera ræktendum og vottunaryfirvöldum kleift að öðlast nauðsynlega þekkingu til að beita tæknilegu kröfunum við framleiðslu á fræi hveitiblanda og til að endurskoða þessar kröfur.
- 5) Til að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geti öðlast fullnægjandi þekkingu á notkun tækni með umfrymisbundinni karlófrjósemi og til að gera það kleift að endurskoða viðkomandi reglur ætti vottunaryfirvaldið sem ber ábyrgðina að gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu ár hvert, fram til 28. febrúar 2030, um niðurstöður undangengins árs að því er varðar magn af framleiddu fræi af blendingum og hlutfall framleiðslueininga fræs sem var hafnað vegna ófullnægjandi gæðabreyta.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 393, 8.11.2021, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309.

- 6) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 66/402/EBE**

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2022 til 31. ágúst 2029.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

#### **Gildistaka.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

#### **Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málslíðar í 5. lið kemur eftirfarandi:

Ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingum af *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Oryza sativa* og sjálffrævandi *xTriticosecale* og ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingum af *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum aestivum* undirteg. *spelta*, *Triticum turgidum* undirteg. *durum* með annarri tækni en með umfrymisbundinni karlófrjósemi.”

b) Eftirfarandi lið er bætt við milli 5. liðar a og 6. liðar:

„5b „Ræktun til að framleiða stofnfræ og vottað fræ af blendingum af *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum aestivum* undirteg. *spelta*, *Triticum turgidum* undirteg. *durum* með umfrymisbundinni karlófrjósemi:

a) Ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega aðfrævun:

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
Fyrir kvenþátt umfrymisbundnu karlófrjóseminnar til framleiðslu á stofnfræi	300 m
Við framleiðslu vottaðs fræs	25 m

b) Ósvikni og hreinleiki yrkja í ræktuninni skulu teljast nægileg að því er varðar þáttaeinkenni.

Einkum skal ræktunin uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. Hundradshluti plantna, miðað við fjölda, sem víkja greinilega frá rétta stofninum má ekki vera meiri en:

— fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á stofnfræi: 0,1% fyrir viðhalds- og endurheimtarlínuna og 0,3% fyrir kvenþátt umfrymisbundnu karlófrjóseminnar,

— fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á vottuðu fræi: 0,3% fyrir endurheimtarlínuna og 0,6% fyrir kvenþátt umfrymisbundnu karlófrjóseminnar og 1% ef kvenþáttur umfrymisbundnu karlófrjóseminnar er einn blendingur.

ii. Karlófrjósemisstig kvenþáttarins skal vera a.m.k.:

— 99,7% fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á stofnfræi,

— 99% fyrir ræktun sem er notuð til framleiðslu á vottuðu fræi.

iii. Samræmi við kröfurnar í i. og ii. lið skulu rannsakaðar í opinberum eftirkönnunarprófum.

c) Vottað fræ er hægt að rækta í blandaðri ræktun með karlófrjósum kvenþætti með karlþætti sem endurskapar frjósemi.

Vottunaryfirvaldið sem ber ábyrgðina skal gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu, eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, um niðurstöður undangengins árs að því er varðar magn af framleiddu fræi af blendingum, samræmi skoðana á vettvangi við viðeigandi kröfur, hlutfall framleiðslueininga fræs sem var hafnað vegna ófullnægjandi gæðabreyta og allar frekari upplýsingar sem rökstyðja höfnunina. Þessi skýrslugjafarskýlda skal gilda til 28. febrúar 2030.“

2) Ákvæðum 1. liðar II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað C-hluta kemur eftirfarandi:

„C. **Blendingar af *Avena nuda*, *Avena sativa*, *Avena strigosa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum aestivum* undirteg. *spelta*, *Triticum turgidum* undirteg. *durum* og sjálffrævandi xTriticosecale**

Hreinleiki fræsins í flokknum „vottað fræ“ skal vera a.m.k. 90%.

Ef um er að ræða *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum aestivum* undirteg. *spelta*, *Triticum turgidum* undirteg. *durum*, sem eru framleidd með umfrymisbundinni karlófrjósemi, skal hann vera 85%. Óhreinindi önnur en endurheimtarlínan skulu ekki vera yfir 2%.

Lágmarkshreinleiki yrkis skal rannsakaður á viðeigandi hlutfalli sýna í opinberum eftirkönnunarprófum.

Vottunaryfirvaldið sem ber ábyrgðina skal gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu, eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, um niðurstöður undangengins árs að því er varðar magn af framleiddu fræi af blendingum af *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum aestivum* undirteg. *spelta* og *Triticum turgidum* undirteg. *durum*, hlutfall framleiðslueininga fræs sem var hafnað vegna ófullnægjandi gæðabreyta, niðurstöður úr eftirkönnunarprófun og allar frekari upplýsingar sem rökstyðja höfnunina. Þessi skýrslugjafarskylda skal gilda til 28. febrúar 2030.“

b) Í stað fyrirsagnar E-hluta kemur eftirfarandi:

„E. **Blendingar af *Secale cereale* og blendingar af *Hordeum vulgare*, *Triticum aestivum* undirteg. *aestivum*, *Triticum aestivum* undirteg. *spelta*, *Triticum turgidum* undirteg. *durum* sem eru framleiddir með umfrymisbundinni karlófrjósemi“.**